



SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1862  
komudagur 30.4.197

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi til Sambands almennra lífeyrissjóða, dags. 21. apríl s.l., óskað eftir umsögn sambandsins vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 530. mál, heildarlög.

Að þessu tilefni vill Samband almennra lífeyrissjóða taka fram eftirfarandi:

Samband almennra lífeyrissjóða hefur yfirfarið frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tekið er undir nauðsyn þess að sett verði heilstæð löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Þá tekur SAL heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð frumvarpsins “að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyriskerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum” og “að ýmsar þjóðir séu nú í óða önn að breyta lífeyriskerfum í hátt við það, sem Íslendingar búa við.”

Það skýtur því nokkuð skökku við að frumvarp þetta skuli hafa verið samið án nokkurs samráðs við aðila vinnumarkaðarins, er byggt hafa upp framúrskarandi lífeyriskerfi, sem tryggir öllum ævilangan lífeyri, auk örorku- og fjölskyldulífeyris. Samband almennra lífeyrissjóða telur þess vegna að ekki komi til greina að hróflað verði við þeirri skylduáðild sem nú er að lífeyrissjóðum, þ.e.a.s. að lífeyristryggingar séu tengdar starfi, þannig að skýrt sé hvaða lífeyrissjóður ber ábyrgð á lífeyristryggingum viðkomandi starfsgreinar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur Íslendingum vel og verið talið til fyrirmyndar meðal annarra þjóða.

Jafnframt telur SAL að óhjákvæmilegt sé að lífeyrissjóðir á almemum vinnumarkaði fái heimildir til að taka við viðbótariðgjaldi til séreignardeilda, ekki síst þar sem rekstarkostnaður sameignarsjóða er mjög lágur og langtum lægri en rekstur banka, tryggingarféлага og verðbréfafyrirtækja, sem ein eiga að fá slíkar heimildir, ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd.


Tekið er undir þau sjónarmið að í lögum um starfsemi lífeyrissjóða séu ákvæði um lágmarkstryggingarvernd en sambandsstjórnin telur þó að þau ákvæði séu ekki nógu ítarleg í fyrirliggjandi frumvarpi. Nauðsynlegt er að saman fari skylda starfandi manna til að tryggja sér lífeyrisréttindi og skylda viðkomandi lífeyrissjóða til að greiða lágmarkslífeyri.

Samband almennra lífeyrissjóða telur nauðsynlegt að almennur lagarammi verði settur á yfirstandandi þingi um íslenska lífeyrissjóðakerfið og er sambandið tilbúið að leggja sitt af mörkum í samráði við stjórnvöld og hagsmunasamtök aðila vinnumarkaðarins til þess að svo megi verða. Að leiðarljósi verður þá að viðurkenna þá staðreynd í verki að við Íslendingar búum við gott lífeyriskerfi, sem byggir á skylduaðild, sjóðsöfnun og samtryggingu sjóðfélaganna og að ekki komi til greina að raska þessum grundvallarþáttum íslenska lífeyrissjóðakerfisins.

Samband almennra lífeyrissjóða er þjónustustofnun og málsvari þeirra lífeyrissjóða, sem eru á samningssviði heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna tekur SAL undir öll þau megin sjónarmið sem fram koma í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslanda um umrætt frumvarp.

Með bestu kveðjum

SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon

frankvæmdastjóri SAL